

Viltu halda fyrirlestur á UTmessunni 2018?

Við leitum eftir áhugaverðum tillögum að erindum sem ættu heima á ráðstefnuhluta UTmessunnar föstudaginn 2. febrúar 2018.

Hvað er UTmessan og fyrir hverja er hún? UTmessan er einn stærsti viðburður ársins í tölvugeiranum og hefur verið haldin árlega frá árinu 2011. Ráðstefnugestir eru stjórnendur, tæknifólk, tölvunotendur, sérfræðingar ásamt nemendum í tæknigreinum svo einhverjir séu nefndir til sögunnar. Þó nokkuð af erlendum aðilum eru farnir að koma á UTmessuna og því er hluti fyrirlestra á ensku en almennt erum við að sækjast eftir fyrirlestrum á íslensku. UTmessan er skráð vörumerki í eigu Ský.

UTmessan er tvískipt og stendur yfir í tvo daga.

Föstudagurinn 2. febrúar – ráðstefna og sýning fyrir fagólk í UT geiranum

Ráðstefna um nýjungar og það helsta sem er að gerast í tölvugeiranum. Ráðstefnan er ætluð fagfólki um upplýsingatækni svo sem þá sem starfa í eða við tölvumál eða hafa brennandi áhuga á þeim. Sýningarsvæði UTmessunnar er opið ráðstefnugestum allan daginn og þar munu öll helstu tölvu- og tæknifyrirtæki landsins sýna það sem hæst ber í tölvutækni.

Laugardagurinn 3. febrúar – fyrir almenning

Þar sýna öll helstu tölvu- og tæknifyrirtæki landsins það sem þau hafa fram að færa á sérstakri tölvusýningu.

Hver aðili getur **sent inn fleiri en eina tillögu** en mælt er til að fólk hafi gæði í fyrirrúmi fremur en fjölda fyrirlestra. Hvatt er til þess að fyrirlestrar séu um **nýjungar eða málefni sem höfða til þeirra sem starfa í eða hafa áhuga á upplýsingatækni**. Fyrirlestrar þurfa að vera **upplýsandi, fræðandi og hvetjandi** fyrir ráðstefnugesti. Ekki verður tekið við fyrirlestrum sem auglýsa ákveðna vöru eða þjónustu **eða hafa verið haldnir áður innan tölvugeirans**. Fyrirlestrar mega vera hvort sem hentar betur á ensku eða íslensku. Hvetjum konur sem og karla til að senda inn þar sem við viljum hafa sem mesta breidd fyrirlesara.

Gert er ráð fyrir að fyrirlesturinn ásamt fyrirspurnum taki **30 mín.** og ætlast til að **tímamörk standist** þar sem dagskrá ráðstefnunnar er mjög þétt. Keyrðar verða 4-5 þemalínur samtímis í ráðstefnusölum.

Nefndin áskilur sér rétt til að velja og hafna fyrirlestrum án nánari útskýringa en heildarmynd ráðstefnunnar verður höfð að leiðarljósi við val á fyrirlestrum. Minnum á að **vel útfyllt tillaga** á mun meiri möguleika á að komast að þar sem efnið er skýrt og greinilegt og ljóst um hvað fyrirlesturinn er og fyrir hverja.

Rétt er að taka fram að fyrirlesarar fá ekki greitt fyrir að taka þátt í UTmessunni að öðru leyti en því að þeir fá frítt inn.

Aðstandendur UTmessunnar áskilja sér rétt til að vitna í, nota og birta efni og fyrirlestra sem fluttir eru á UTmessunni. Fyrirlestrar verða teknir upp og settir á YouTube og glærुकyningar settar sem pdf skjöl á vefsvæðið www.utmessan.is eftir ráðstefnuna.

Meðfylgjandi er form sem fylla þarf út fyrir hverja tillögu að fyrirlestri og senda á utmessan@utmessan.is í **síðasta lagi 1. nóvember 2017**.

Hámarksstærð á innsendu formi er **ein A4 bls.** með fontu **Verdana stærð 10** (eða sambærilegum) og er formið á næstu bls..

Stefnt er að því að allir sem senda inn tillögu hafi fengið **svar í byrjun desember** um það hvort þeirra fyrirlestur hafi verið valinn inná ráðstefnudagskránnu.

Sendið eftirfarandi form útfyllt á utmessan@utmessan.is í síðasta lagi 1. nóvember 2017

Fyrirlesari:

fullt nafn:

tölvupóstfang:

vinnustaður:

starfsheiti:

Stutt ágríp af ferli fyrirlesara sem verður birt á vefnum ef fyrirlestur kemst að (nám/störf í 2-5 setningum):

Hvar passar fyrirlesturinn helst – hakið einungis við **einn eða tvo:**

- | | | |
|--|--|--|
| <input type="checkbox"/> Stjórnendur (Management) | <input type="checkbox"/> Öryggismál (Security) | <input type="checkbox"/> Fjarskipti (Telecommunication) |
| <input type="checkbox"/> Hugbúnaðargerð (Software Development) | <input type="checkbox"/> Notendaupplifun (UX Design) | <input type="checkbox"/> Verkefnastjórnun (Project Mgmt.) |
| <input type="checkbox"/> Rekstur (Tech / Operation Management) | <input type="checkbox"/> Framtíð (Future) | <input type="checkbox"/> Nýsköpun (Innovation) |
| <input type="checkbox"/> Gögn (Data) | <input type="checkbox"/> Persónuvernd (Personal data/GDPR) | <input type="checkbox"/> Menntun (Education) |
|
 | | |
| <input type="checkbox"/> Heilbrigðistækni (Health Tech) | <input type="checkbox"/> Fjármálataækni (FinTech) | <input type="checkbox"/> Stjórnsýslan (Government) |
| <input type="checkbox"/> Leikjavæðing (Gamification) | <input type="checkbox"/> Samfélagsmiðlar (Social Media) | <input type="checkbox"/> Markaðssetning (Marketing) |
| <input type="checkbox"/> Sýndarveruleiki (Virtual Reality) | <input type="checkbox"/> Gervigreind (Artificial Intellegence) | <input type="checkbox"/> Ferðaþjónustan (Tourism) |
| <input type="checkbox"/> Löggjöfin (Law Environment) | <input type="checkbox"/> Tölvufyrirtækið (IT Enterprise) | <input type="checkbox"/> Tölvutækni alls staðar (IOT/IOE/IOME) |
| <input type="checkbox"/> Prófanir (Testing) | <input type="checkbox"/> Efnismiðlun (Content Management) | <input type="checkbox"/> Siðfræði (Ethics) |

Tungumál fyrirlesturs (íslenska / enska):

Heiti fyrirlesturs (stutt en lýsandi):

Stutt lýsing fyrirlestrinum (abstract) - verður birt á vefnum ef fyrirlestur kemst að: